


FISKELDISMÖGULEIKAR Í LJÁ, DALASÝSLU

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, mars 1988

VMST-V/88006



**VEIDIMÁLASTOFNUN - VESTURLANDSDEILD**  
Kveldúlfsgötu 2A, 310 Borgarnesi.

## FISKELDISMOGULEIKAR Í LJA.

### DALASYSLU

#### 1. INNGANGUR

Ljá í Dölum fellur í Hvammsfjörð skammt norðan við Búðardal. Áin er upprunin á Ljárskógafjalli, m.a. úr Ljárdvatni (Mynd 1). Áin flokkast sem dragá og er alls um 12 km að lengd. Vatnasviðið er 35 km<sup>2</sup>. Áin er mjög lítil að vatnsmagni, en rennslið hefur þó ekki verið mælt. Í þurrkum verður áin afar vatnslítill.

Enginn náttúrulegur laxastofn er í ánni, en síðastliðin ár hefur verið reynt að rækta ána með sleppingum kviðpokaseiða og sumaralinna laxaseiða. Urriði er í ánni og að minnsta kosti áður fyrr gekk töluvert af sjóbirting í ána (Bjarni Sæmundsson 1898).

Sumarið 1987 var gerð stutt athugun á ánni og möguleikum hennar til fiskræktar og fiskeldis í tengslum við umfangsmikla rannsókn á landkostum Dalasýslu til eldis og fiskræktar. Hér verður í stuttu máli greint frá því helsta sem fram kom.

#### 2. NIÐURSTÖÐUR

Mælingar á rafleiðni árvatns gefa mælikvarða á steinefnainnihald vatnsins. Magn þörunga eru háð styrk steinefna og skordýr eru háð þörungum sem fæðu. Steinefnainnihald árvatnsins er því grófur mælikvarði á frumframleiðni og frjósemi vatnakerfisins. Ljá reyndist hafa leiðnigildið 128 ms/cm sem er hæsta leiðnigildið sem mældist fyrir ár í sýslunni. Líklegt er að uppruni árinna af Ljárskógafjalli hafi þar mest að segja en ár sem falla um vel gróið land hafa meira af steinefnum. Því virðist frjósemi árinna vera mjög mikil.

Botngerð árinna var einungis lítilllega athuguð. Af lýsingum kunnugra og skoðun á hluta af ánni virðist þó ljóst að

botngerð árinna hentar víðast hvar vel fyrir framleiðslu laxaseiða, en grýtt brot þar sem nægt skjól er til staðar eru þau svæði í ánum sem framleiða hvað mest. Ljárvatn var ekki skoðað en sum stöðuvötn hafa góð uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði sérstaklega ef botn vatnanna er vel grýttur. Þyrfti að skoða vatnið með hliðsjón af uppeldisskilyrðum fyrir lax.

Rafveitt var í ánni fyrir ofan brúna að Hróónýjarstöðum, en á þetta svæði hafði verið sleppt fyrr kviðpokaseiðum fyrr um sumarið. Reyndist þéttleiki laxaseiða vera sem samsvarar 21.6 seiðum í einni yfirferð á 100 m<sup>2</sup> botnflatarmáli (Tafla 1, Mynd 2). Laxaseiðin reyndust vera 3.7 sm að meðallengd og höfðu greinilega vaxið nokkuð frá því þeim var sleppt.

Mikið var af urriða á þessum stað og er afar líklegt að það gildi fyrir ána í heild. Alls veiddust 3 árgangar, þ.e 1-3 ára seiði (Tafla 1). Vöxtur þeirra var góður hjá yngsta árganginum en úr honum dró eftir því sem urriðinn varð eldri. Einnig reyndist hluti urriðanna kynproska. Ljóst er að um staðbundinn urriða er að ræða en ekki sjóbirtingsstofn, a.m.k á þessu svæði árinna. Magn urriða í ánni er nokkuð áhyggju-efni og gæti urriði valdið nokkrum búsfjum á laxaseiðum ef þeim er sleppt á svæðið. Til greina gæti komið að eyða urriðanum úr ánni með því að eittra fyrir hann t.d. með jurtaeitruinu rotenone. Laxaseiðum hefur þó nú þegar verið sleppt í ána þannig að ef slíkt væri gert yrði að byrja upp á nýtt hvað sleppingar varðar.

### 3. FISKREKTAR - OG FISKELDISMÖGULEIKAR

Enginn vafi er á því að Ljá hefur mjög góð skilyrði til að fósra laxaseiði, hvað hitafar, botngerð og fæðu snertir. Vatnsmagn árinna er hins vegar það lítið að áin hentar alls ekki til stangveiða. Hins vegar er Ljá ein af þeim ám við Hvammsfjörð þar sem aðstaða er góð til hafbeitar á laxi (Sigurður Már Einarsson og Valdimar Gunnarsson 1988). Þar er einkum hægt að benda á ós árinna sem hentar mjög vel til sleppinga á sjógönguseiðum og móttöku á kynproska laxi síðar

meir. Í dag er verð laxaseiða hins vegar það hátt að áætlað hefur verið að rúmlega 11% endurheimtur af laxi þurfi til að ná endum saman (Sigurður Már Einarsson og Valdimar Gunnarsson 1988), og er þá miðað við framleiðslukostnað seiða á 57.6 kr/stk og skilaverð á laxi 185 kr/kg.

Ráðlegt er að kanna endurheimtur mjög vel í Ljá áður en ráðist er út í hafbeit. Við hafbeitina ætti skilyrðislaust að beita bæði sleppingum smáseiða á uppeldissvæði árinna og sjógönguseiða. Áætlað hefur verið að áin þoli um 10000 seiða sleppingu sumaralinna laxaseiða og er þá Ljárvatn undanskilið en það hefur ekki verið athugað með tilliti til uppeldisskilyrða (Sigurður Már Einarsson og Valdimar Gunnarsson 1988). Nú er hægt að merkja stór sumaralin seiði (7-8 sm) og væri ráðlegt að merkja slíkan hóp og kanna endurheimtur. Þess má geta að í Skoravíkurlá á Fellsströnd hafa náðst yfir 2% endurheimtur á slíkum seiðum. Það sama gildir um endurheimtur á sjógönguseiðum. Skynsamlegt væri að merkja t.d 2000 laxaseiði og athuga endurheimtur áður en farið er út í stórar sleppingar. Þá er ráðlagt að nota laxastofn úr nágrenninu til slíkra sleppinga (Sigurður Guðjónsson 1988). Að öðru leyti er varðandi hafbeitarmöguleika og aðstöðu til hafbeitar á þessu svæði vísað til skýrslu um möguleika til fiskræktar og fiskeldis í Dalasýslu (Sigurður Már Einarsson og Valdimar Gunnarsson 1988).

#### 4. HEIMILDIR

Bjarni Sæmundsson 1898. Fiskirannsóknir 1897. Skýrsla til landshöfðingja. Andvari 23. árg.

Sigurður Már Einarsson og Valdimar Gunnarsson 1988. Fiskræktar - og fiskeldismöguleikar í Dalasýslu. Veiðimálastofnunin VMST-V/88005.

Sigurður Guðjónsson 1988. Erfðafræðilegur grundvöllur fiskeldis og fiskræktar. Eldisfréttir 1(4): 10-14.

TAFLA 1

ÞETTLEIKI URRIDASEIDA OG LAXASEIDA Í LJA Í

EINNI YFIRFERÐ A 100 M<sup>2</sup> FLATARMALI

ÞANN 30. JULÍ 1987.


<u>SVÆÐI</u>	<u>URRIDÍ</u>					<u>ALLS</u>	<u>LAX</u>
	<u>1+</u>	<u>2+</u>	<u>3+</u>	<u>4+</u>	<u>5+</u>		<u>0+</u>
Fyrir n.							
Hróðnst.	3.4	8.8	2.7	0	0.7	15.6	21.6

TAFLA 2

VÓXTUR URRIDASEIDA OG LAXASEIDA Í LJA 30 JULÍ 1987

<u>ALDUR</u>	<u>URRIDÍ</u>			<u>LAX</u>		
	<u>ML</u>	<u>SD</u>	<u>N</u>	<u>ML</u>	<u>SD</u>	<u>N</u>
0+	-	-	-	3.7	0.34	32
1+	7.7	0.29	6			
2+	10.8	0.86	13			
3+	12.7	1.32	4			
5+	21.0		1			

MYND 1: VATNAKERFI LJAR I DOLUM



MYND 2 LENGDARDREIFING OG ALDUR LAXASEIDA OG URRIDA I LJA I  
DÖLUM ÞANN 30 JÚLÍ 1987.

